



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Félagsfræði (FÉL2A06)

Háskólabrú

Áfangalýsing

Fjallað er um frumkvöðla félagsfræðinnar og samfélagið skoðað í ljósi mismunandi kenninga. Fjallað er um samfélagið í ljósi þeirra áhrifa sem það hefur á einstaklinginn og líf hans. Helstu hugtök félagsfræðinnar eru kynnt. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist þekkingu á umhverfi sínu nær og fjær svo að þeir verði færir um að taka virkan þátt í samfélagslegum umræðum og mynda sér skoðanir á meðvitaðan og gagnrýninn hátt.

Farið er yfir vítt svið félagsfræðinnar og nemendur þjálfast í að beita félagsfræðilegu innsæi við túlkun á samfélagslegum málefnum.

Meginmarkmið áfangans er að nemendur öðlist dýpri skilning á hugtökum, kenningum og vinnubrögðum félagsfræðinnar og geti beitt þeim við túlkun og greiningu á samfélaginu, bæði almennt og á tiltekin viðfangsefni.

Forkröfur

Grunnskólapróf.

Þrep

Áfanginn er á 2. þrepi.

Einingafjöldi

6 framhaldsskólaeiningar (feiningar).

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- helstu kenningum innan félagsfræðinnar
- á aðferðafræði félagsfræðinnar
- viðfangsefnum og hugtökum félagsfræðinnar

- þeim félagslegu stofnunum sem hafa áhrif á líf hans til dæmis, fjölskyldan, fjölmiðlar, efnahagskerfið og trúarbrögð
- hvernig hann getur haft áhrif á félagslegar stofnanir
- réttindum og skyldum hans gagnvart samfélaginu

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- beita algengustu hugtökum félagsvísinda á skýran og skilmerkilegan hátt
- afla fjölbreyttra gagna og skrifa heimildaritgerð
- lesa og skilja umfjöllun um félagsfræðileg mál
- tjá sig í ræðu og riti um samfélagsleg málefni
- fjalla um og bera saman kenningar
- útskýra áhrif kenninga á samfélagsleg viðfangsefni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta tekið þátt í umræðum um samfélagsleg málefni og myndað sér skoðanir sem byggjast á gagnrýnni hugsun
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér þær
- geti beitt öguðum vinnubrögðum, tekið ábyrgð á eigin námi og unnið í samvinnu við aðra
- beita algengustu hugtökum félagsvísinda á skýran og skilmerkilegan hátt
- geti hagnýtt netið til að afla sér þekkingar um félagsfræðileg viðfangsefni
- tjá sig skipulega og gagnrýnið um einstaka efnispætti og samfélagsleg álitamál
- geta sett sig í spor annarra

Námsmat áfangans

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum, ritgerð og lokaverkefni sem gildir til lokaeinkunnar.